


# Vefrit fjármálaráðuneytisins

4. júní 2009

## Um verð á eldsneyti

Hækkanir á vörugjöldum á eldsneyti sem Alþingi samþykkti í síðustu viku eru að sjálfsgöðu gerðar af brýnni þörf og eru hluti af aðgerðum stjórnvalda til að leysa þann mikla efnahagsvanda sem við er að etja. Strax eftir að lögin tóku gildi hækkaði verð á eldsneyti sem aukinni skattheimtu nam. Þannig fór verð á bensíni strax yfir 180 kr. en það lækkaði síðan enda hefur gengi krónunnar styrkst nokkuð frá því áður en þessar hækkanir á vörugjöldum voru tilkynntar. Bensínverð er nú um 178 krónur lítrinn og díselolía kostar um 168 krónur á höfuðborgarsvæðinu. Viðbrögð við hækkuðum vörugjöldum voru eins og við var að búast en rétt er að halda til haga nokkrum staðreyndum um málið. Þrátt fyrir þessar hækkanir er verð á eldsneyti á Íslandi enn með því ódýrasta í Evrópu eins og sjá má á meðfylgjandi mynd þar sem 18 löndum er raðað eftir verði á bensíni samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Vegagerðarinnar í Danmörku (trafikken.dk). Fyrir Ísland eru upplýsingar teknar af vefsíðu n1.is 2. júní og sýna meðalverð í sjálfafgreiðslu.



Heimild: Trafikken.dk - 2. júní 2009.

Bensín er um þessar mundir dýrast í Hollandi af Evrópuríkjum og kostar þar um 250 krónur hver lítri, sem er yfir 40% hærra en hér á landi. Noregur, Belgía og Danmörk eru skammt undan með verð yfir 235 krónur á lítrann, sem er um þriðjungji dýrara en hér á landi. Á myndinni má sjá að það er einungis á Spáni, í Sviss, á Írlandi og í Póllandi sem bensín er ódýrara en hér á landi og er bensínverðið lægst í Póllandi, eða um 160 krónur hver lítri. Díselolía er dýrust í Noregi og Stóra-Bretlandi, yfir 200 krónur á lítrann, sem er um 15% dýrara en hér á landi. Í 6 Evrópuríkjum er díselolía ódýrari en á Íslandi og þar af er hún ódýrust í Lúxemborg og Póllandi, eða um 142 krónur hver lítri, sem er tæplega 20% ódýrara en hér á landi.

Eftir nýorðnar hækkanir á gjöldum er hlutur hins opinbera í endanlegu verði bensíns 92,5 krónur sem er rétt um 52%. Í díselolíu er hlutur hins opinbera 84,9 krónur eða 49,5%. Ekki liggja fyrir samanburðartölur fyrir Evrópulönd í þessum efnum en samkvæmt upplýsingum Svenska Petroleum Institutet (spi.se) var hlutur ríkisins 64,5% af bensínverði í Svíþjóð í aprílmánuði eða yfir 130 krónur á lítrann. Á vef Hagstofunnar kemur fram að meðalverð á innfluttu bensíni (cif) til Íslands fyrstu 4 mánuði ársins var tæplega 51 þúsund krónur á hvert tonn sem jafngildir 38 krónum á hvern lítra. Hlutur dreifingarkostnaðar og álagningar er því nálægt 47 krónum á lítra um þessar mundir.


## Vöruskiptin í maí

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam innflutningur vöru á fob virði í maí 31,7 ma.kr. sem er elítill aukning frá apríl þegar

innflutningurinn nam 29,4 ma.kr. Útflutningur vöru nam aftur á móti 38,7 ma.kr. og er það nokkur aukning frá aprílmánuði þegar útflutningur nam 31,7 ma.kr. Afgangur á vöruskiptum í maí nam því 7,3 ma.kr.

Það sem helst skýrir aukinn innflutning í maí er aukinn innflutningur á olíu og eldsneyti en þessi innflutningur er jafnan nokkuð sveiflukenndur og var með minnsta móti í apríl. Litillægur samdráttur var aftur á móti í innflutningi hrá- og rekstrarvara en hann var nokkuð mikill í apríl. Þessi innflutningur er nú mun sveiflukenndari en áður samfara auknum innflutningi súrals.


Verðvísitala sjávarafurða í erlendri mynt 1995-2017



Heimild: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Vísbandingar eru um að verðmæti útfluttra sjávarafurða hafi verið mjög gott í maí eftir að það dróst nokkuð saman í upphafi ársins í kjölfar hrífðfallandi verðs í erlendri mynt. Lágt gengi íslensku krónunnar kemur sér vel fyrir útflutningsgreinarnar en á móti kemur að verð allflestra íslenskra útflutningsafurða hefur dregist mjög saman í erlendri mynt á undanföllum mánuðum. Hvað sjávarafurðirnar varðar hefur verð ferskra botnfisksafurða lækkað mest á erlendum mörkuðum þar sem neytendur færa sig nú meira yfir í ódýrari neysluvörur. Einnig hefur gætt nokkurrar sölutregðu á undanföllum mánuðum sem gert hefur það að verkum að birgðir hafa aukist hér innanlands. Nú virðist sem mesta lækunarferlið sé yfirstaðið í bili og meira jafnvægi sé komið á markaðinn en mjög erfitt er að spá fyrir um þróun fiskverðs þar sem framboðið er mjög háð duttlungum náttúrunnar. Einnig eru vísbandingar um að verðmæti útflutts áls sé með ágætasta móti í maí en það hrífðféll í upphafi ársins og hefur verið mjög lágt samanborið við allan seinni helming sl. árs. Eftirspurn eftir álafurðum hefur dregist mikið saman í kjölfar fjármálakreppunnar og þ.a.l. heimsmarkaðsverð áls. Má því búast við að verðmæti útflutts áls verði áfram nokkuð lágt á næstu misserum en á móti kemur að þá dregst innflutningsverðmætið einnig saman þar sem verðþróun súrals hefur mjög sterka fylgni við verðþróun fullunninna álafurða.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla janúar 2004 – maí 2009



Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Skatttekjur og trygg.gjöld	7,0	-11,1
Skattar á tekjur og hagnað	11,1	-2,6
Eignarskattar	-17,8	-41,6
Skattar á vöru og þjónustu	3,7	-18,8
Tryggingagjöld	4,9	-9,8
Tekjur alls	8,0	-5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	13,2	100,1
Heilbrigðismál	6,1	20,4
Alm.trygg. & velferðarmál	7,7	43,9
Efnahags- og atvinnumál	1,4	28,6
Menntamál	9,7	11,9
Gjöld alls	8,6	34,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl		
Milljónir króna	2008	2009
Handbært fé frá rekstri	28.379	-20.720
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	26.025	-12.544
Afborgun lána	-804	-1.337
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	23.901	-13.881
Lántökur	9.701	43.706
Breyting á handbæru fé	33.602	29.825

Ýmsar hagtolur		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Verðbólga (maí)	12,3	11,6
Kjarnaverðbólga (maí)	10,8	12,2
Launavísitala (apríl)	8,2	4,4
Heildarvelta (jan.-feb.)	10,0	-19,3
Smásöluvelta (jan.-feb.)	7,3	-17,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	0,9	8,5